

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Skólastarfið fór af stað með miklum ágætum og nú ættu allir nemendur að vera komnir með fasta stundatöflu og þar með komnir vel af stað í sínum áföngum. Það er alltaf gott að vera virkur í námi frá fyrsta degi, þ.e. **að mæta vel, með allar bækur og vinna verkefnið jafnt og þétt**. Ef eitthvað kemur upp á í náminu þá er gott að leita til námsráðgjafa skólans, þeirra Helgu og Sunnu, en þær eru ávallt tilbúnar til að leiðbeina nemendum í öllum þeirra málum. Þá einnig gott að vita af Rannveigu Klöru, nemenda og kennsluráðgjafa, en hún tekur m.a. við greiningum vegna námsörðugleika.

Til að styðja enn frekar við nemendur okkar í námi munum við frá og með næsta þriðjudegi bjóða upp á vikuleg raungreinaver, **en þar er hægt að fá aðstoð í stærðfræði og raungreinum**, nemendum skólans að kostnaðarlausu. Fyrsti tíminn verður **þriðjudaginn 30. ágúst kl. 15:45-16:45 í stofu H202**. Ég hvet ykkur til að nýta þessa þjónustu enda einstakt tækifæri til þess að fá aðstoð frá kennurum við að klára að reikna skiladæmi eða undirbúa sig fyrir næsta hlutapróf.

Þá er mikilvægt að minna á **ritver skólans sem unnið er í samstarfi við bókasafn skólans**. Þar gefst nemendum tækifæri til að fá aðstoð við verkefnavinnu og ritgerðarskrif. **Opnunartíma** má sjá á heimasíðu skólans.

Ég vil einnig nota tækifærið og hvetja til **góðrar umgengni í stofum og í matsal skólans**. Við erum grænn og vænn skóli og í því felst meðal annars að bera virðingu fyrir umhverfi okkar, góðrar nýtingar á hlutunum í kringum okkur og flokkunar á rusli.

Að lokum, það er ýmislegt á dagskrá í skólastarfinu í september. NFF býður nýnemum í **nýnemaferð þann 7. september** en einnig er verið að undirbúa nýnemadansleik. Skólinn býður svo foreldrum nýnema á **kynningarfund mánudaginn 12. september, kl. 17:00** en þá verður farið yfir það helsta í skólastarfinu og foreldrar fá tækifæri til að hitta m.a. umsjónarkennara og nemendaþjónustuna. Meira um þetta síðar.

Þangað til - áfram þið og áfram Flensburg!

Með bestu kveðju,

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland
www.flensborg.is
S: +354 565 0400/694 7594



